

Aðalfundarboð Sögufélagsins Steina



Aðalfundur Sögufélagsins Steina verður haldinn í Fólkvangi á Kjalarnesi miðvikudaginn 29. febrúar og hefst stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá aðalfundar:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 7. grein stofnskrár Sögufélagsins Steina:

1. Formaður setur fund og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður flytur skýrslu stjórnar um störf á liðnu ári.
3. Gjaldkeri skýrir reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
5. Reikningar bornir undir atkvæði.
6. Lagabreytingar.
7. Kosningar samkvæmt 4. grein þessara laga.
8. Ritari les úr Ársriti SfS.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

4. grein stofnskrár Sögufélagsins Steina

Stjórn SfS fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Stjórn SfS skal skipuð fimm stjórnarmönnum; formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er til tveggja ára. Skal kjósa tvo stjórnarmenn á jöfnu ártali en þrjá hitt árið. Varamenn skulu vera þrír og kosnir árlega. Stjórn skiptir með sér verkum. Einnig skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins til eins árs.